

L Ö G

36
17. júní

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bætist ný (3.) málsg. svólátandi:

Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsg. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

37
17. júní

um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum 50000.00 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum.

Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt mánaðarlega fyrir fram.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru að viðbætti verðlagsuppbót. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.